

# Orkuveita Húsavíkur ohf.

---

Ársreikningur

---

**2020**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-23

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ohf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sé eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjálafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 19. apríl 2021

**Enor ehf.**

Hafnarstræti 53, Akureyri



Niels Guðmundsson

löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

## MEGINSTARFSEMI FÉLAGSINS

Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfssemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfssemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

## STARFSEMI Á ÁRINU 2020

Orkuveita Húsavíkur ohf fór ekki varhluta af þeim aðstæðum sem uppi voru í samfélögum um heim allan vegna heimsfaraldurs COVID-19 og var starfssemi félagsins nokkuð lituð af þeim sóttvarnareglum sem í gildi voru stóran hluta ársins 2020. Þó náðist að spila nokkuð vel úr þeim verkefnum sem fyrirhuguð voru og sett höfðu verið á framkvæmdaáætlun ársins 2020 þar sem verulega var dregið úr þeim íþyngjandi reglum vegna sóttvarna sem viðgengist höfðu fyrri hluta ársins og tóku svo við að nýju í lok sumars sem alla jafna er aðal-framkvæmdatími veituverkefna.

Það verkefni sem hæst bar á liðnu framkvæmdaári var nokkuð umfangsmikil og kostnaðarsöm viðhaldsframkvæmd í tengslum við endurnýjun einangrunar yfirþrýstrar stofnæðar Orkuveitu Húsavíkur ohf milli Hveravalla og Húsavíkur. Sú framkvæmd margfaldaðist að umfangi frá upphaflegri áætlun þegar hafist var handa að grafa frá lögnum og fletta PVC hlífðarkápu utan af veitulögninni á þeim svæðum þar sem augljóst var á ummerkjum á yfirborði að um einangrunarbilanir var að ræða.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. tók síðast breytingum 1. ágúst 2020 og nam heildarhækkun gjaldskrárlíða félagsins um 2,4%. Skv. ákvörðun stjórnar OH sem tekin var á stjórnarfundi félagsins þann 11.11.2020 mun verðskrá OH árið 2021 hvorki taka breytingum til hækkunar né til þess að mæta almennum hækkunum til samræmis við vísitölu og því má segja að veitugjöld félagsins hafi lækkað um 2,2% frá miðju ári 2020 m.t.t. verðlags. Meirihluti stjórnar Orkuveitu Húsavíkur ohf. samþykkti jafnframt á síðasta ári, 50% lækkan vatnsgjalds vegna A-húsnæðis í Norðurþingi og lækkaði gjaldið úr 0,1% af fasteignamati húsnæðis í 0,05%, en fyrirsjáanleg tekjuskurðing OH vegna þeirrar lækkunar árið 2021 er áætluð kr. 15.867.105. Þrátt fyrir fyrrnefndar ákvarðanir til beinnar tekjuskurðingar félagsins sem skila sér beint í vasa notenda veitunnar, er fjárhagsleg staða Orkuveitu Húsavíkur ohf þó með þeim hætti að möguleiki er til greiðslu arðs að fjárhæð allt að 60 milljóna króna á árinu 2021.

## HITAVEITA

### *Nýframkvæmdir*

Endurnýjaðar voru stofnlagnir og heimæðar hitaveitu samhliða nýframkvæmd Norðurþings í tengslum við yfirborðsfrágang Reykjaheiðarveggar á Húsavík.

Endurnýjaðar voru stofnlagnir hitaveitu samhliða framræsingunni yfirborðsvatns úr Grundargarði og jarðvegsskiptum í efri hluta Ásgarðsveggar.

### *Viðhaldsframkvæmdir*

Umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir fóru fram á árinu á yfirþrýstri stofnlögn OH í Reykjahverfi. Um er að ræða bilun í einangrunarhólkum á samsetningum veitulagnarinnar sem veldur því að jarðvatn á greiða leið inn í einangrunarefni sem umlykur stofnlögnina. Þær skemmdir sem komið í ljós orsakast af hvellsuðu jarðvatns sem komist hefur inn í einangrun lagnarinnar um galla í samsetningahólkum, en suða vatnsins inni í kápunni veldur því að urethan-einangrunin sem umlykur lögnina, leysist upp í olíukenndan vökva sem liggur í botni PVC-hlífðarkápu sem umlykur rörið. Umfang skemmdanna er umtalsvert og tjónið verulegt, en þar sem ekki tókst að komast yfir viðgerðir á öllum þekktum bilanastöðum stofnlagnarinnar síðasta sumar, verður þessu verkefni framhaldið sumarið 2021.

Aðrar viðhaldsframkvæmdir tengdar hitaveitustarfssemi félagsins voru minniháttar.

### *Heitavatnssala*

Sala á heitu vatni skiptist annars vegar í sölu vegna vatns til snjóbræðslu og iðnaðarnota sem ber 24% vsk og hins vegar vatns til almennrar notkunar sem ber 11% vsk.



# Skýrsla stjórnar

## Vatn til snjóbræðslu og iðnaðar

Þjónustugjald	0,007 m.kr.
Hemlagjald – fast gjald	6,225 m.kr.
Rúmmetragjald	16,316 m.kr.
Fastagjald	0,493 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>23,041 m.kr.</b>

## Vatn til almennrar notkunar

Heimlögn	2,867 m.kr.
Þjónustu- og álestrargjald	1,212 m.kr.
Rúmmetragjald	190,642 m.kr.
Fastagjald	20,623 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>215,344 m.kr.</b>

Heildartekjur ársins 2020 vegna hitaveitutengdrar starfsemi námu því um 238,4 mkr en námu um 239,4 mkr. árið á undan.

Á árinu 2020 voru seldir 2.392.072 m<sup>3</sup> af heitu vatni en til samanburðar nam selt vatnsmagn árið á undan 2.452.799 m<sup>3</sup>.

## VATNSVEITA

### Nýframkvæmdir

Endurnýjaðar voru stofnlagnir og heimæðar vatnsveitu samhliða nýframkvæmd Norðurþings í tengslum við yfirborðsfrágang Reykjaheidarveggar á Húsavík.

Endurnýjaðar voru 140 m í stofnlögn vatnsveitu frá vatnsbóli ofan Húsavíkur vegna bilunar, samhliða framræsingum yfirborðsvatns úr Grundargarði og jarðvegsskiptum í efri hluta Ásgarðsveggar.

Til stendur að ráðast í umtalsverða framkvæmd við lagningu veitulagna neysluvatns frá iðnaðarsvæðinu á Bakka, meðfram Bakkvegi í gegnum Höfðagöng og inn á athafnasvæði hafna við Norðurgarð. T.a.m. verður vatnsfæðing sprinklerkerfis nýrrar slökkvistöðvar að Norðurgarði 5 um þá lögn ásamt fæðingu að brunahönum í Höfðagöngum. Hönnun liggur fyrir og efni er komið á staðinn, en reiknað er með að framkvæmdir hefjist á vordögum 2021.

### Viðhaldsframkvæmdir

Nokkuð stór bilun kom upp í stofnæð vatnsveitu á Húsavík í september þegar gömul pottlögn fór í sundur sunnan byggingarreits Búfesti við Ásgarðsveg. Leiða má líkum að því að jarðskrið vegna þungaflutninga með jarðvegsefni í Hvamm fyrir ofan Ásgarð, og staðið höfðu yfir um sumarið hafi valdið því að lögnin gaf sig með þeim afleiðingum að mikið magn vatns flæddi niður Ásgarðsveg. Ráðist var í bráðabirgðaviðgerð um leið og bilunar varð vart, en umræddum hluta lagnarinnar var svo skipt út u.þ.b. 2 mánuðum síðar samhliða jarðvegsskiptum í Ásgarðsvegi.

Aðrar bilanir tengdum vatnsveitum voru minniháttar og auðleystar.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda vatnsnotkun.

## Kalt vatn til iðnaðar

Þjónustu- og álestrargjald	0,012 m.kr.
Rúmmetragjald	10,870 m.kr.
Fastagjald	0,969 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>11,851 m.kr.</b>

## Kalt vatn til almennra nota

Vatnsgjald	86,070 m.kr.
Heimlögn	1,946 m.kr.
<b>Samtals</b>	<b>88,016 m.kr.</b>

Heildartekjur ársins 2020 vegna neysluvatnstengdrar starfsemi námu því um 99,9 mkr. en voru um 87,6 m.kr. árið á undan.

Árið 2020 voru seldir til iðnaðar um 820.933 m<sup>3</sup> af köldu vatni, samanborið við 919.462 m<sup>3</sup> árið 2019.

# Skýrsla stjórnar

## FRÁVEITA

### *Nýframkvæmdir*

Endurnýjaður var stofn fráveitu í Reykjaheiðarvegi samhliða framkvæmdum tengdum yfirborðsfrágangi og tengingar að heimæðabrunnum við lóðamörk sem einnig voru settir niður við aðliggjandi fasteignir Reykjaheiðarvegjar. Fátt var til þess að kasta rýrd á verkefnið og var grunnvatnsstaða svæðisins með þeim hætti að engar tafir eða önnur vandamál hlutust af.

Til stendur að ráðast í umtalsverða framkvæmd við lagningu fráveitulagna frá iðnaðarsvæðinu á Bakka, meðfram Bakkavegi í gegnum Höfðjagöng og í yfirfallsbrunn á Bökugarði. Búið er að hanna verkefnið ásamt því að fjárfest hefur verið í veitulögnum, en reiknað er með að framkvæmdir hefjist vorið 2021.

### *Viðhaldsframkvæmdir*

Engar teljandi viðhaldsframkvæmdir áttu sér stað í tengslum við fráveitukerfi OH á árinu 2020.

Gjöld vegna fráveitu eru innheimt J með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2020 námu kr. 65.875.724 en voru um 59,6 m.kr. árið á undan.

## RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

### *Efnarannsóknir*

Ráðist var í sýnatöku úr vinnsluholum OH á Hveravöllum og er um að ræða viðmiðunarsýni sem notuð verða til staðfestingar á mögulegum breytingum á efnainnihaldi í framtíðinni. Til viðbótar við sýnin sem tekin voru á Hveravöllum, var tekið blandsýni í orkustöð OH á Húsavík og verður sýni til efnagreininga einungis tekið þar framvegis þar til frávik í efnamælingum kalla á endurtekna sýnatöku í vinnsluholum OH að nýju.

Kallað hefur verið eftir efnagreiningum og örverumælingum úr vatnsbólum austan Húsavíkur og ofan iðnaðarsvæðis á Bakka, en Heilbrigðisfulltrúi Norðurlþings hefur veg og vanda af slíkum mælingum. Niðurstöður liggja ekki fyrir enn sem komið er, en reikna má með að um gæðavatn sé að ræða eins og

### *Aðskilnaður yfirborðsvatns úr fráveitukerfum*

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að skilja eins og frekast er unnt yfirborðsvatn úr fráveitukerfum innan þéttbýlis á Húsavík og er þar um að ræða eitt af forgangsverkefnum Orkuveitu Húsavíkur þegar kemur að verkefnum tengdum fráveitu. Á síðasta ári var ráðist í framræingu yfirborðsvatns í Grundargarði og var því vatni veitt út í Búðará undir Ásgarðsveg í stað þess að veita því inn í stofnlögn fráveitu í Ásgarðsvegi eins og tíðkast hefur frá því uppbygging innviða í tengslum við fráveitu hófst á Húsavík. Náðist í umræddri framkvæmd einnig að létta verulega á innrennsli yfirborðsvatns inn í fráveitukerfið við Stóragarð og er því almenn ánægja með þann árangur sem náðist hvað þessi mál varðar með umræddri framkvæmd.

### *Orkustöð OH*

Nokkuð hefur dofnað yfir samtali á milli aðila í tengslum við það verkefni að koma orkustöð OH í rekstur að nýju hvað varðar raforkuframleiðslu úr lágvarma. Nokkuð innihaldsríkar viðræður höfðu staðið yfir við hóp sem nefnist Þingorka þar til heimsfaraldur COVID-19 reið yfir, en vegna ýmissa mála sem m.a. tengjast þeim faraldri og afleiðingum hans, var það mál lagt til hliðar tímabundið.

### *Jarðhitaleit í Norðurlþingi*

Að mati flestra er löngu tímabært að ráðist verði í markvissa jarðhitaleit í landi Norðurlþings með það að markmiði að auka rekstraröryggi Orkuveitu Húsavíkur og þegar fram í sækir og leita þannig leiða til þess að lækka kostnað veitunnar og notenda hennar. Í ljósi þeirrar staðreyndar að OH er að öllu leiti háð eignaraðilum nýtingarsvæða félagsins varðandi orkuöflun, gæti verið skynsamlegt að kanna þann möguleika hvort félagið gæti að einhverju eða öllu leiti orðið sjálfbært og öðrum óháð með þá orku sem virkjuð er og dreift til notenda.

### *Borun eftir heitu vatni á Höfða*

Í janúar á síðasta ári var ráðist í boranir á Húsavíkurhöfða með það að markmiði að sækja aukið magn jarðsjávar til notkunar fyrir sjóböðin á Höfða og þá mun nær notandanum en nú er gert. Var tilgangurinn fyrst og fremst að auka nýtingarmöguleika á heitum jarðsjó, t.a.m. til snjóbræðslu innan hafnarsvæðis. Íslenskum Orkurannsóknnum hafði áður verið fengið það hlutverk að meta þennan möguleika til vatnsöflunar á Höfða ásamt því að staðsetja

# Skýrsla stjórnar

holuna og lauk borun um 132 m djúprar holu sem framkvæmd var af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða, um miðjan janúar 2020. Bráðabirgðaniðurstöður dæluþrófana gáfu til kynna að holan gæti mögulega gefið um 8 l/s af 60-65°C heitum jarðsjó sem er nokkuð minna magn en væntingar stóðu til, en ráðast þarf í fóðrun holunnar til þess að dæluþrófanir sem leiða til nákvæmari mælinga á afköstum og hitastigi holunnar geti farið fram.

## SAMTÖK OG HLUTDEILDARFÉLÖG

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í félögum sem hér segir:

<u>Félag/Félagasamtök</u>	<u>Eignahlutur</u>
• Samorka -- Samtök orku- og veitufyrirtækja	Aðild
• Eimur -- Samstarfsverkefni um orkunýtingu á N-A landi	Aðild (9%)
• Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf -- Dótturfélag OH	50,77%
• Hrafnabjargavirkjun hf -- Orkunýting í Skjálfandafhljóti	48,75%
• Íslensk Orka ehf -- Orkuöflun og nýting í Öxarfirði	31,45%
• Sjóböð ehf – Rekstur aðstöðu til sjóbaða á Húsavík	13,78%
• Mýsköpun ehf -- Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun	5,00%

## MANNAUÐSMÁL

Starfsmannahald Orkuveitu Húsavíkur ohf var án breytinga frá fyrra rekstrarári og eru starfsmen Norðurþings sem eyrnamerkir eru OH fimm talsins, tveir á skrifstofu félagsins en þrír sem sinna viðhaldi, nýframkvæmdum og öðrum verkefnum á vegum OH.

Unnið er skv. rammasamkomulagi sem felur í sér að veitustjóri er framkvæmdafulltrúi sveitarfélagsins og sér um daglegan rekstur veitna, ásamt því að þeir starfsmenn Orkuveitunnar sem sjá um viðhald og framkvæmdir teljast starfsmenn þjónustumiðstöðvar Norðurþings. Bókhalð, innheimta og uppgjör er skv. þeim samningi rekið innan fjármálasviðs Norðurþings.

## STYRKVEITINGAR

Í gildi er 3ja ára samstarfs- og styrktarsamningur milli Orkuveitu Húsavíkur ohf og íþróttafélagsins Völsungs. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins.

OH styrkti Kiwanis á árinu eins og fyrri ár, til kaupa á flugeldum og til uppsetninga flugeldasýninga sem fóru fram í kringum áramótin. Unnið er skv. styrktarsamningi milli OH og Kiwanis til þess að gera klúbbum kleift að sinna því starfi áfram.

Orkuveita Húsavíkur ohf er aðili að styrktarsamningi við Lista- og menningarsjóð Norðurþings. Með því mun Orkuveitan vísa umsóknum um lista- og menningarmál til sjóðsins.

Orkuveita Húsavíkur ohf veitti að auki fjölmarga styrki á árinu til smærri verkefna, aðallega innan nærsamfélagsins til samræmis við ákvörðun stjórnar, en einnig til félaga utan veitusvæðis OH.

# Skýrsla stjórnar

---

## STAÐFESTING STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGI FÉLAGSINS 2020

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Hagnaður Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2020 nam 55,7 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.210,4 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok er 2.010,1 milljón króna og er eiginfjárlutfall félagsins 93%.


Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu, sveitarfélagið Norðurþing með 100% hlutafjárins, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins 2020 verði flutt til næsta árs, en vísar að öðruleyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.


Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir

Húsavík, 19. apríl 2021.

Í stjórn:

  
Sigrun Hóskuldsson  
Bergur Elíur Árnússon (með fyrirvara)  
Guðmundur H. Hólmur

Framkvæmdastjóri:

  
G. Hólmur

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur .....	3	402.902.418	385.526.836
Aðrar tekjur .....		22.508.485	17.955.510
Lífeyrisskuldbinding .....	4	(9.949.876)	(8.154.490)
Annar rekstrarkostnaður .....		(220.646.487)	(170.772.277)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(133.284.241)	(127.051.708)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>61.530.299</b>	<b>97.503.871</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	5	5.813.772	17.461.397
	5	5.813.772	17.461.397
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага .....	8	(11.137.505)	2.121.002
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>56.206.566</b>	<b>117.086.270</b>
Tekjuskattur .....	6	(526.380)	(14.203.297)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>55.680.186</b>	<b>102.882.973</b>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	1.350.665.376	1.380.026.784
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum .....	8	58.205.609	56.650.816
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	34.601.416	26.335.093
Tekjuskattsinneign .....	14	65.979.984	66.506.364
		<u>1.509.452.385</u>	<u>1.529.519.057</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	9	40.336.316	34.279.043
Markaðsverðbréf .....	10	248.147.224	242.876.846
Kröfur á tengd félög .....	17	0	96.519.173
Aðrar skammtímakröfur .....	9	2.007.685	3.906.999
Handbært fé .....	9	410.461.571	222.355.855
		<u>700.952.796</u>	<u>599.937.916</u>
<b>Eignir</b>		<u>2.210.405.181</u>	<u>2.129.456.973</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	11	10.000.000	10.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		2.500.000	2.500.000
Eiginfjárreikningur .....		2.053.262.665	1.997.582.479
<b>Eigið fé</b>		<u>2.065.762.665</u>	<u>2.010.082.479</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	12	4.755.684	6.251.936
Lífeyrisskuldbinding .....	13	78.095.917	74.880.286
		<u>82.851.601</u>	<u>81.132.222</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	15	29.103.728	12.950.038
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar .....	15	7.708.013	8.227.690
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	15	1.902.274	1.786.267
Skuldir við tengd félög .....	17	22.071.068	0
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	6	0	14.247.789
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.005.832	1.030.488
		<u>61.790.915</u>	<u>38.242.272</u>
<b>Skuldir</b>		<u>144.642.516</u>	<u>119.374.494</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>2.210.405.181</u>	<u>2.129.456.973</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins .....		55.680.186	102.882.973
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....		133.284.241	127.051.708
Aðrir liðir .....	16	16.584.924	(5.203.694)
<b>Hreint veltufé frá rekstri samtals</b>		<u>205.549.351</u>	<u>224.730.987</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(4.157.959)	3.274.875
(Lækkun) hækkun rekstartengdra skulda:			
Rekstartengdar skuldir, hækkun .....		1.881.245	575.084
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....		(7.253.922)	(6.712.104)
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum samtals</b>		<u>(9.530.636)</u>	<u>(2.862.145)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>196.018.715</u>	<u>221.868.842</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
(Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	(103.922.833)	(129.127.041)
(Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum .....		(20.958.621)	0
(Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög .....		96.519.173	(96.519.173)
		<u>(28.362.281)</u>	<u>(225.646.214)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(1.621.786)	(1.493.021)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög .....		22.071.068	(42.496.774)
		<u>20.449.282</u>	<u>(43.989.795)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		188.105.716	(47.767.167)
Handbært fé í upphafi árs .....		222.355.855	270.123.022
Handbært fé í lok árs .....		<u>410.461.571</u>	<u>222.355.855</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfsemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2020	2019	31.12.2020	31.12.2019
Evra (EUR) .....	154,52	137,30	156,10	136,21
Bandaríkjadalur (USD) .....	135,27	122,65	127,21	121,39

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfærður á líftíma viðkomandi lána.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

	2020	2019
Hitaveita .....	237.171.240	238.301.704
Vatnsveita .....	99.855.454	87.617.641
Fráveita .....	65.875.724	59.607.491
	<u>402.902.418</u>	<u>385.526.836</u>

## 4. Lífeyrirskuldbinding

	2020	2019
Breyting á lífeyrirskuldbindingu .....	9.949.876	8.154.490
	<u>9.949.876</u>	<u>8.154.490</u>

Frá og með september 2015 var öllum starfsmönnum félagsins sagt upp og þeir ráðnir til starfa hjá sveitarfélaginu Norðurþing, sem tók yfir alla umsýslu, viðhaldvinnu og rekstarumsjón þess. Tilgangur þessara breytinga er að ná fram hagræðingu með því að auka framlegð starfsmanna sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur .....	7.578.929	17.644.160
Vaxtagjöld .....	(1.846.847)	(1.825.338)
Gengismunur .....	81.690	33.001
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	0	1.609.574
	<u>5.813.772</u>	<u>17.461.397</u>



# Skýringar

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 526.380. Ekki kemur til greiðslutekjuskatts á árinu 2021 þar sem tekjuskattssofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2020		2019	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	56.206.566		117.086.270	
Skatthlutfall .....	11.241.313	20,0%	23.417.254	20,0%
Álagður tekjuskattur vegna fyrri ára .....	0	0,0%	52.189	0,0%
Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti .....	(12.946.014)	-23,0%	(8.523.530)	-7,3%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	2.227.501	4,0%	(746.115)	-0,6%
Aðrir liðir .....	3.580	0,0%	3.500	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	526.380	0,9%	14.203.297	12,1%

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veitu- mannvirki	Fasteignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	3.067.527.832	215.971.369	45.010.702	3.328.509.903
Eignfært á árinu .....	97.352.030	0	6.570.803	103.922.833
Staða í árslok .....	3.164.879.862	215.971.369	51.581.505	3.432.432.736
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.795.951.727	123.830.436	28.700.956	1.948.483.119
Afskrift ársins .....	122.066.324	8.494.541	2.723.376	133.284.241
Staða í árslok .....	1.918.018.051	132.324.977	31.424.332	2.081.767.360
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.271.576.105	92.140.933	16.309.746	1.380.026.784
Bókfært verð í árslok .....	1.246.861.811	83.646.392	20.157.173	1.350.665.376
Afskriftarhlutföll .....	1-10%	4-10%	4-15%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	165.250.000	457.497.657
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		375.577.884
Viðlagatrygging .....		6.945.648.223

# Skýringar

## 8. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. ....	50,77%	33.000.500	Hitaveita
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum</b>			
Hrafnbjargarvirkjun hf. ....	48,75%	16.331.250	Uppbygging raforkuvera
Íslensk orka ehf. ....	31,45%	1.828.835	Orkuöflun og nýting orku
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>			
Sjóböð ehf. ....	13,79%	2.887.913	Bygging og rekstur sjóbaða
Mýsköpun ehf. ....	5,00%	500.000	Nýsköpun og atvinnuþróun

### Eignarhlutar í félögum:

	2020	2019
Staða í ársbyrjun .....	82.985.909	79.255.334
Keypt á árinu .....	20.958.621	0
Hlutdeild í afkomu .....	(11.137.505)	3.730.575
Staða í árslok .....	92.807.025	82.985.909

Sundurlíðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

	Áfkoma		Eigið fé	
	2020	2019	2020	2019
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>				
Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf. ....	(224.925)	2.792.718	56.983.498	44.516.125
	(224.925)	2.792.718	56.983.498	44.516.125
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>				
Hrafnbjargarvirkjun hf. ....	(10.864.836)	(309.415)	794.194	11.659.030
Íslensk orka ehf. ....	(47.744)	(362.301)	427.917	475.661
	(10.912.580)	(671.716)	1.222.111	12.134.691
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum:</b>				
Sjóböð ehf. ....	0	1.609.574	30.482.812	25.835.093
	0	1.609.574	30.482.812	25.835.093
Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög .....	(11.137.505)	3.730.576	88.688.420	82.485.909



# Skýringar

## 9. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur .....	49.792.316	43.429.043
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(9.456.000)	(9.150.000)
	<u>40.336.316</u>	<u>34.279.043</u>
Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:		
	31.12.2020	31.12.2019
Staða í ársbyrjun .....	(9.150.000)	(6.200.000)
Gjaldfært á árinu.....	(306.000)	(2.950.000)
Staða í árslok .....	<u>(9.456.000)</u>	<u>(9.150.000)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur .....	1.565.339	2.169.524
Fjármagnstekjuskattur .....	442.346	1.737.475
	<u>2.007.685</u>	<u>3.906.999</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum .....	408.980.712	220.962.989
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt .....	1.480.859	1.392.866
	<u>410.461.571</u>	<u>222.355.855</u>

## 10. Markaðsverðbréf

	2020	2019
Staða í ársbyrjun .....	242.876.846	233.116.357
Verðbreytingar .....	5.270.378	9.760.489
Staða í árslok .....	<u>248.147.224</u>	<u>242.876.846</u>

## 11. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok .....	10.000.000	100,0%	10.000.000
	<u>10.000.000</u>	<u>100,0%</u>	<u>10.000.000</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

# Skýringar

## 11. Eigið fé (framhald)

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	10.000.000	2.500.000	1.894.699.506	1.907.199.506
Hagnaður ársins .....			102.882.973	102.882.973
Eigið fé 1.1.2020 .....	10.000.000	2.500.000	1.997.582.479	2.010.082.479
Hagnaður ársins .....			55.680.186	55.680.186
Eigið fé 31.12.2020 .....	10.000.000	2.500.000	2.053.262.665	2.065.762.665

## 12. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir í ISK .....	6.657.958	8.038.203
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	6.657.958	8.038.203
	(1.902.274)	(1.786.267)
Langtímaskuldir í árslok .....	4.755.684	6.251.936
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
		Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....		1.902.274
Afborganir 2022 .....		1.902.274
Afborganir 2023 .....		1.902.274
Afborganir 2024 .....		951.136
		6.657.958
Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir.....	6,05%	6,05%

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 85,8 milljón króna í árslok 2020 og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkunir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 9,9 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 7,5 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

	2020	2019
Staða í ársbyrjun .....	83.107.976	81.665.590
Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	(7.253.922)	(6.712.104)
Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	9.949.876	8.154.490
Staða í árslok .....	85.803.930	83.107.976
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	7.708.013	8.227.690
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	78.095.917	74.880.286
Staða í árslok .....	85.803.930	83.107.976

# Skýringar

## 13. Lífeyrisskuldbinding (framhald)

Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

Til greiðslu 2021 - 2025 .....	25.693.377
Til greiðslu 2026 - 2030 .....	20.674.206
Til greiðslu 2031 - 2035 .....	15.894.043
Til greiðslu 2036 og síðar .....	23.542.304
	<u>85.803.930</u>

## 14. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

	Inneign/ (skuldbinding)
Staða 1.1.2019 .....	66.409.683
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2019 .....	(14.147.608)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 .....	14.244.289
Staða 1.1.2020 .....	66.506.364
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2020 .....	(526.380)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2021 .....	0
Staða 31.12.2020 .....	<u>65.979.984</u>

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	47.299.227	48.480.441
Lífeyrisskuldbinding .....	17.160.786	16.621.595
Viðskiptakröfur .....	1.310.614	1.418.321
Frestaður gengismunur .....	(13.092)	(13.994)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	222.449	0
	<u>65.979.984</u>	<u>66.506.364</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Frá hagnaði árána 2021-2030 .....	1.112.243	0
	<u>1.112.243</u>	<u>0</u>

## 15. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir .....	29.103.728	12.390.728
Erlendar viðskiptaskuldir .....	0	559.310
	<u>29.103.728</u>	<u>12.950.038</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Virðisaukaskattur .....	760.234	718.924
Ógreiddir áfallnir vextir .....	165.598	198.577
Aðrar skuldir .....	80.000	112.987
	<u>1.005.832</u>	<u>1.030.488</u>



# Skýringar

## 15. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir .....	1.902.274	1.786.267
Lífeyrisskuldbinding .....	7.708.013	8.227.690
	<u>9.610.287</u>	<u>10.013.957</u>

## 16. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Líðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

	31.12.2020	31.12.2019
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum .....	241.541	229.562
(Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum .....	(5.270.378)	(9.760.489)
Afkoma eignarhluta í öðrum félögum .....	11.137.505	(3.730.576)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	9.949.876	8.154.490
Breyting á tekjuskattsinneign .....	526.380	(96.681)
	<u>16.584.924</u>	<u>(5.203.694)</u>

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2020:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	113.154.151	56.673.935	0	22.071.068
	<u>113.154.151</u>	<u>56.673.935</u>	<u>0</u>	<u>22.071.068</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag .....	100.566.299	35.166.646	96.519.173	0
	<u>100.566.299</u>	<u>35.166.646</u>	<u>96.519.173</u>	<u>0</u>

## 18. Önnur mál

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á því á árinu 2021.

# Skýringar

## 18. Önnur mál (framhald)

Þann 1. janúar 2019 tók nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16 Leigusamningar, gildi. Staðallinn gerir kröfu um að færð verði leiguskuldbinding og nýtingaréttur til eignar vegna allra leigusamninga, með fáum undantekningum. Að óbreyttu hefur staðallinn áhrif á reikningsskil sem gerð eru í samræmi við lög um ársreikninga. Ákveðið hefur verið að Reikningsskilaráð muni semja reikningsskilareglu um meðferð leigusamninga, og hefur ráðið þegar ákveðið að í reglunni verði að finna ákvæði þess efnis að öllum félögum sem gera reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga verði heimilt að beita sömu (þ.e. óbreyttum) reikningsskilaaðferðum við færslu og flokkun leigusamninga vegna árána 2019 og 2020 og þau beittu á árinu 2018. Stjórnendur félagsins hafa kosið að nýta sér þá heimild, og eru skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga í árslok óverulegar að þeirra mati.

## 19. Greining rekstrar eftir starfsþáttum:

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2020 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur .....	259.457.336	100.218.506	65.735.061	425.410.903
Rekstrarkostnaður .....	(208.878.377)	(11.033.672)	(10.684.314)	(230.596.363)
Afskriftir .....	(53.778.729)	(24.759.091)	(54.746.421)	(133.284.241)
Rekstarhagnaður (-tap) .....	(3.199.770)	64.425.743	304.326	61.530.299
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....				(5.323.733)
Hagnaður fyrir skatta .....				56.206.566
Tekjuskattur .....				(526.380)
Hagnaður ársins .....				55.680.186

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2019 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur .....	256.018.322	87.856.533	59.607.491	403.482.346
Rekstrarkostnaður .....	(148.213.532)	(9.309.883)	(21.403.352)	(178.926.767)
Afskriftir .....	(52.936.071)	(24.480.994)	(49.634.643)	(127.051.708)
Rekstarhagnaður (-tap) .....	54.868.719	54.065.656	(11.430.504)	97.503.871
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) .....				19.582.399
Hagnaður fyrir skatta .....				117.086.270
Tekjuskattur .....				(14.203.297)
Hagnaður ársins .....				102.882.973

# Skýringar

## 20. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2020	2019	2018
<b>Arðsemi</b>			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	194.814.540	224.555.579	218.052.236
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,48	0,58	0,61
b) Hagnaðarhlutfall .....	0,14	0,27	0,14
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) .....	5,57	10,29	5,12
d) Arðsemi eigin fjár .....	0,03	0,05	0,03
a) EBITDA/rekstrartekjur			
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur			
c) Hagnaður/nafnverð hlutafjár			
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár			
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2020	31.12.2019	30.12.2018
<b>Nýting fjármagns</b>			
f) Veltuhræði eigna .....	0,19	0,18	0,17
h) Veltuhræði viðskiptakrafna .....	10,80	10,44	6,87
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna			
Úr efnahagsreikningi (framhald):	31.12.2020	31.12.2019	30.12.2018
<b>Greiðsluhæfi</b>			
j) Veltufjárhlutfall .....	11,34	15,69	6,84
j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
k) Eiginfjárhlutfall .....	0,93	0,94	0,92
l) Innra virði hlutafjár .....	206,58	201,01	190,72
k) Eigið fé/heildarfjármagn			
l) Eigið fé/hlutafé			
Úr sjóðstreymi ársins:	2020	2019	2018
m) Skuldaþekja handbærs fjár .....	1,36	1,86	1,12
o) Gæði afkomu .....	3,52	2,16	3,54
p) Gæði rekstrarhagnaðar .....	3,03	2,25	2,79
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir			
o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður			
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður			
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2020	2019	Breyting
Lífeyrisskuldbinding/rekstrartekjur .....	2,47%	2,12%	0,35%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur .....	54,76%	44,30%	10,47%
Afskriftir/rekstrartekjur .....	33,08%	32,96%	0,13%
<b>Rekstrargjöld/rekstrartekjur</b>	<b>90,31%</b>	<b>79,37%</b>	<b>10,95%</b>



# Skýringar

## 21. Sjóðstreymisfirlit

	2020	2019	2018	2017	2016
Hagnaður (tap) ársins.....	55.680.186	102.882.973	51.159.727	120.731.557	205.782.147
Afskriftir.....	133.284.241	127.051.708	158.062.024	106.929.529	96.695.471
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	16.058.544	(5.107.013)	(11.571.570)	(29.725.781)	(129.499.002)
Aðrar breytingar.....	526.380	(96.681)	(2.838.108)	(2.593.728)	16.147.419
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>205.549.351</b>	<b>224.730.987</b>	<b>194.812.073</b>	<b>195.341.577</b>	<b>189.126.035</b>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(4.157.959)	3.274.875	55.154.388	(56.989.394)	(9.732.902)
Rekstrartengdum skuldum.....	(5.372.677)	(6.137.020)	(68.903.542)	31.362.833	12.166.173
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>196.018.715</b>	<b>221.868.842</b>	<b>181.062.919</b>	<b>169.715.016</b>	<b>191.559.306</b>

# Sundurliðanir

	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>		
Orkusala .....	237.171.240	238.301.704
Vatnsveita .....	99.855.454	87.617.641
Fráveita .....	65.875.724	59.607.491
	<u>402.902.418</u>	<u>385.526.836</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	3.096.604	2.894.323
Aðrar tekjur .....	19.411.881	15.061.187
	<u>22.508.485</u>	<u>17.955.510</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður</b>		
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	9.949.876	8.154.490
	<u>9.949.876</u>	<u>8.154.490</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Aðkeypt efni og vinna til endursölu .....	235.065	0
Rafmagn og hiti .....	31.777.206	33.070.179
Viðhald húsnæðis .....	451.920	635.160
Vinna starfsmanna - sala deilda .....	(4.203.359)	(15.715.252)
Vátryggingar .....	3.188.564	3.060.026
Fasteignagjöld .....	4.100.841	3.804.065
Annar húsnæðiskostnaður .....	56.426	229.901
Aðkeyptur akstur .....	9.982	65.575
Rekstur bifreiða .....	992.648	1.092.754
Rekstrarleiga bifreiða .....	0	5.038
Smááhöld .....	1.429.841	1.124.135
Viðhald áhalda og tækja .....	33.008.472	7.646.616
Styrkir og auglýsingar .....	2.040.276	1.504.668
Ferðakostnaður .....	585.528	183.347
Áhöld og tæki .....	4.131.882	3.930.492
Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld .....	647.870	817.163
Funda- og viðskiptakostnaður .....	0	26.620
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur .....	219.829	4.345.959
Annar starfsmannakostnaður .....	1.428.562	839.631
Skrifstofukostnaður .....	109.826.441	103.143.621
Verktakar .....	29.673.650	17.988.132
Sérfræðiþjónusta .....	1.044.843	2.974.447
	<u>220.646.487</u>	<u>170.772.277</u>